

**Sp. 259. Tillaga til þingsályktunar [128. mál]**

um söfnun erlendra heimilda um sögu Íslands í heimsstyrjöldinni.

Flm.: Benedikt Gröndal.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipuleggja þegar vandlega söfnun hvers konar heimilda, er kunna að vera geymdar í Bandaríkjunum, Bretlandi, Þýskalandi eða öðrum löndum og varða sögu Íslands í heimsstyrjöldinni 1939—1945.

**Greinargerð.**

Ef Íslendingar vilja í framtíðinni vera eins mikil söguþjóð og þeir hingað til hafa verið og vita jafnglögg skil á öllu því, sem gerzt hefur í landinu, biður þeirra brýnt verkefni. Það er að safna hvers konar heimildum, opinberum skjölum, myndum, kortum, blaðagreinum, bókum og endurminningum manna, er varða sögu landsins í seinustu heimsstyrjöld og geymdar eru erlendis. Er vafalaust um auðugan garð að gresja í þeim efnum, en hershöfðingjar og stjórnámálemenn létu á sínum tíma fátt uppi um starfsemi sína á Íslandi og umhverfis það svo og um ýmislegt viðkomandi íslensku þjóðinni.

Nú þegar er hægt að fá mikið af slíkum gögnum. Stórveldi nútímans gleyma fáu í hinum rækilega skipuðu stjórnardeildum sínum, her, flota eða flugher. Flestir slíkir aðilar höfðu á styrjaldarárunum sérstaka sagnfræðinga starfandi og urmúl ljósmyndara. Sumt það efni, sem þessir menn söfnuðu, getur hvenær sem er glatazt. Heilar skemmur af skjölum geta brunnið eða eyðilagzt og þar með farið miklar heimildir. Þeir menn, sem hér komu við sögu, hafa frá ýmsu að segja, en gerast nú gamlir og týna tölunni.

Hér er um umfangsmikið verk að ræða, sem byrja þarf að vinna að nú þegar. Virðist eðlilegast, að það sé gert á vegum menntamálaráðs.